



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1

101 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2020

Efni: Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, mál nr. 329/2019

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 20. desember sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reykjavíkurborg vill með umsögn þessari nefna þau atriði frumvarpsins sem munu hafa talsverð áhrif á fyrirkomulag sérsöfnunar sem hefur verið í uppbyggingu og framþróun síðan sérsöfnun hófst fyrir aldarfjórðungi. Reykjavíkurborg telur að áður en að gerðar eru breytingar á fyrirkomulagi sérsöfnunar sem kalla á aukin kostnað íbúa í Reykjavík, þurfi að liggja fyrir greinargóð athugun sem sýni fram á umhverfis- og efnahagslegan ávinning þeirra aðgerða.

Reykjavíkurborg fagnar því að ráðuneytið vinni að framþróun í úrgangsstjórnun í landinu, en að mati borgarinnar er nauðsynlegt að vinna nánar að tillögnum. Reykjavíkurborg leggur áherslu á samráð við sveitarfélögin í þeirri vinnu, og að tillit verði tekið til þess gífurlega munar sem er í aðstæðum í sveitarfélögum í landinu, sem gerir eina leið í sérsöfnun ómögulega. Mikilvægt er að litið sé til umhverfislegs ávinnings sem og kostnaðar sem af aðgerðunum hlýst.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til frekari umsagnar við frumvarpið á síðari stigum málsins, en bendir einnig á umsögn borgarinnar um drög að stefnu ráðherra í úrgangsmálum.


Um úrgangsstjórnun og fyrirkomulag sérstakrar söfnunar og flokkunar í Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg starfar í úrgangsstjórnun sinni í samræmi við aðgerðaráætlun 2015 – 2020 „*Framtíð úrgangmála í Reykjavík*“, en hlutverk áætlunarinnar er að auka yfirsýn og gegnsæi málaflokksins og auðvelda skipulagningu og forgangsroðun verkefna á sviði úrgangsstjórnunar innan borgarinnar. Áhersla er lögð á flokkun og sérsöfnun. Síðastliðið haust var hafinn undirbúningur að sérsöfnun lífúrgangs með tilraunaverkefni á Kjalarnesi, þar sem m.a. er fylgst með flokkunarhlutfalli og gæðum sérsafnaðs efnis. Reykjavíkurborg hefur einnig sett í samþykkt um meðhöndlun úrgangs að óheimilt sé að setja ákveðna úrgangsflokka, þ.á.m. pappírsefni, í ílát undir blandaðan úrgang. Jafnframt eru í samþykktinni einstaklingar jafnt sem lögaðilar skyldaðir til flokkunar.

Grunn að sérsöfnun og flokkun úrgangs í Reykjavíkurborg má rekja aftur til ársins árið 1995 þegar komið var fyrir 20 pappírsgámum víðsvegar í borginni. Síðan þá hefur verið unnið að uppbyggingu kerfis grenndarstöðva og nú er svo komið að í borginni eru nú reknar 57 slíkar stöðvar þar sem íbúar hafa aðgang að sérsöfnun flokkaðs úrgangs. Markmiðið er að íbúar geti skilað flokkuðum úrgangi í 5



sérsafnaða flokka á grenndarstöðvar. Á öllum stöðvum eru gámar fyrir sérsöfnun á pappa og pappír og plasti. Á 75% stöðvanna eru gámar fyrir gler án skilagjalds og unnið er að því að fjölga þeim gámum. Á flestum stöðvanna eru gámar undir textíl sem Rauði krossinn sér um og gámar á vegum Grænna skáta undir drykkjarumbúðir sem bera skilagjald. Rúmlega 85% íbúa í Reykjavík hafa aðgengi að grenndarstöðvum í 500 metra fjarlægð frá heimili sínu eða minna, en að meðaltali er fjarlægðin um 345 metrar. Mynd 1 sýnir staðsetningar grenndarstöðva og endurvinnslustöðva í Reykjavík auk 500 og 1000 metra radius frá þeim.



Mynd 1 Grenndar- og endurvinnslustöðvar í Reykjavík 2019

Grenndarstöðvar eru hluti af því vali sem íbúar í Reykjavíkurborg hafa um val á þjónustustigi í sérsöfnun sem þeim hentar og greiða fyrir þjónustuna í samræmi við það. Allir íbúar hafa þannig aðgang að sérsöfnun endurvinnsluefna á grenndarstöðvunum, en geta óskað eftir auknu þjónustustigi, þ.e. sérsöfnun við heimili, gegn viðbótargreiðslu sem nemur raunkostnaði við söfnunina. Íbúar geta einnig valið að kaupa þjónustu við sérsöfnun flokkaðs úrgangs af einkaaðilum og fylgir þá fyrirkomulag og sérsöfnunar þeirra vinnulagi.

Í dag eru blátunnur fyrir sérsöfnun á flokkuðu pappírs- og pappaefni á rúmlega 62% heimilisfanga í Reykjavík og græna tunnu undir sérsöfnun á flokkuðu plastefni á rúmlega 26% heimilisfanga. Gera má ráð fyrir að aðrir nýti sér grenndarstöðvar og þjónustu einkaaðila. Miðað við tölur frá Sorpu bs., þá safnast tæplega 30% af sérsöfnuðum flokkuðum pappír og pappírsefnum og plasti á grenndarstöðvum, en 70% í sérsöfnun við heimili, sem helst nokkuð vel í hendur við hlutfall þeirra sem kaupa þjónustu við heimahús fyrir sérsafnaðan pappír og pappírsefni. Jafnvægi er komið á fjölda blátunna en fjöldi



Þeirra sem velja þjónustu við sérsöfnun á plasti hefur farið ört fjölgandi, og nam aukningin í fjölda ílátum um 20% milli ára 2018 og 19 og spáð er 15% aukningu á þessu ári.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á það með hvaða fyrirkomulagi sérsöfnun flokkaðs úrgangs fari fram, án þess að því fylgi aukin gæði úrgangsstrauma sem auki nýtingarmöguleika efnisins. Reykjavíkurborg telur að nauðsynlegt sé að sveitarfélög geti boðið upp á form sérsöfnunar sem hentar aðstæðum í sveitarfélaginu og eins að kerfið bjóði upp á þann sveigjanleika gagnvart íbúum sveitarfélagsins að þeir geti valið það þjónustustig sem þeim hentar og greitt fyrir þjónustuna í samræmi við það. Í þéttri byggð eins og er t.d. í mörgum hverfum í Reykjavík hafa grenndarstöðvar sýnt sig vera góður valkostur fyrir íbúa, þar sem oft er plássleysi til að fjölga ílátum frekar. Íbúar geta þá valið að fara blandaða leið, og nota t.d. grenndarstöðvar undir hluta af sérsöfnuðum úrgangi. Þá hafa rannsóknir Sorpu bs. á samsetningu blandaðs úrgangs sýnt að ekki er marktækur munur á milli hlutfalls pappírsefnis í blönduðum úrgangi milli Reykjavíkur og nágrannssveitarfélaganna sem eru með sérsöfnun við húsvegg við öll heimili.

Frumvarpið gerir þar á meðal ráð fyrir að sérsöfnun pappírs og pappírsefna, og plasts verði eingöngu við húsvegg, en að mati Reykjavíkurborgar leiðir sú aðferð til aukins kostnaðar fyrir skattgreiðendur, án sjáanlegs ávinnings hvað varðar árangur við flokkun og gæði efnis til endurvinnslu. Sá kostnaðarauki sem þar verður til greiðist af íbúum í formi hækkaðra sorphirðugjalda. Samanburður á kostnaði við söfnun á grenndarstöðvum og við heimili sýnir að kostnaður við söfnun á grenndarstöð nemur í tilfelli pappírs um 30% og í tilfelli plasts um 70% af kostnaði við sérsöfnun við heimili. Gróflega áætlað nemur árlegur kostnaðarauki við sorphirðu við heimili um 10-15%. Sé litið til fjárfestingar í ílátum og ökutækjum, er áætluð fjárfestingarþörf milli 180-200 milljónir króna.

Að mati Reykjavíkurborgar er um að ræða verulegan kostnaðarauka sem leggja þarf á íbúa í Reykjavík. Reykjavíkurborg telur að ákvæði um sérsöfnun við heimili eigi ekki að leggja fram í óbreyttri mynd, nema ítarleg greining liggi fyrir á kostnaði og ábata, til dæmis með aðferðafræði vistferilskostnaðargreininga (e. Life Cycle Cost, LCC). Þar sem hún liggur ekki fyrir er það mat Reykjavíkurborgar að ekki sé tímabært að leggja ákvæðið fram að svo stöddu.

Eins kemur fram í frumvarpinu það ákvæði að hægt verði að safna gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma að því tilskyldu að uppfylltar séu skyldur hvað varðar töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu. Reykjavíkurborg bendir á að vel þurfi að skilgreina hvernig staðið sé að mati á árangri hvað varðar töluleg markmið. Eins og bent hefur verið geta íbúar í borginni skipt við einkaaðila um hirðu á sérsöfnuðu úrgangsefni. Upplýsingar um fjölda ílátum og innsafnað magn eru hluti af samkeppnisupplýsingum viðkomandi fyrirtækis. Tryggja þarf að hægt sé að gefa fullnægjandi upplýsingar um árangur í flokkun einstakra úrgangsflokka eftir sveitarfélögum án þess að það skaði samkeppnisstöðu fyrirtækjanna.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Friðrik Klingbeil Gunnarsson,
skrifstofa umhverfisgæða

